

Fundargerð aðalfundar Leikfélagsins á Borg

Dagsetning: 19. maí 2025

Staðsetning: Félagsheimilið á Borg

Mættir: Guðný, Jóhann, Bjarki, Kristbjörg, Esther

1. Kosning fundarstjóra og ritara

- Bjarki var kjörinn fundarstjóri og Kristbjörg ritari fundarins.

2. Nýjir félagar kynntir

- Nýir félagar kynntir

3. Skýrsla formans

Fyrsta starf leikfélagsins á þessu ári var að vanda leiklistanámskeið fyrir börn viku fyrir Grímsævintýri. Greitt var fyrir Sindra Mjölni í bandalagsskólan gegn því að hann tæki að sér námskeiðið. Sindri fékk Gunnar Bjarna með sér og settu þeir upp Búkollu listavel með krökkunum.

Í lok ágúst var svo tekin ákvörðun að ráða Sindra áfram í að leikstýra verki sem yrði sett upp þá um haustið. Lesin voru nokkur verk en á endanum var sett upp Svarta Kómedían í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur. Eftir svoldið flakk á leikurum stóð hópurinn saman af 7 leikrum og tveim tæknimönnum. Sýningar tókust mjög vel en alltaf hefði maður viljað hafa meiri áhorf.

Við sendum sýninguna inn í keppnina um áhugaverðustu sýningu ársins og var áhugavert að 39 þrep vann að þessu sinni frá Hólmavík. Verður sýnt í þjóðleikhúsinu 31 maí og væri gaman að fara og sjá það fyrir hópinn sem setti upp hjá okkur 39 þrep.

Guðný fór á bandalagsþing og var það mjög áhugavert og lærdómsríkt að sjá það einu sinni. Mikið var rætt þar að áhugaleikfélagin þyrftu að vera sýnilegri og auglýsa þyrfti meira starfið og vekja athygli því í sambandi við líðheilsu.

Bandalagsþingið verður líklega á næsta ári í Vestmannaeyjum.

4. Skýrsla gjaldkera

- Gjaldkeri lagði fram skýrslu sína. Skýrslan var samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

- Engar lagabreytingar voru lagðar fram.

6. Komandi leikár

- Rætt um námskeið fyrir *Grímsævintýri*. Kristbjörg ætlar að kanna hvort hún geti tekið að sér kennslu. Ef það gengur ekki, verður leitað að öðrum kennara.
- Hugmyndir ræddar um sýningu árið 2026, mögulegar tímasettnignar eru annaðhvort að hausti eða á vormánuðum.

7. Önnur mál

- Hugmynd kom fram um jólahitting, mögulega í samstarfi við Leikfélag Reykholts.

Fundir slitið.